

Almennur íbúfundur og aðalfundur hverfisráðs Grímseyjar

haldinn fimmtudaginn 23. maí 2013 kl. 17.30 í Múla

Auglýst dagskrá:

Skipulagsmál:

Kynning á skipulags- og byggingamálum, m.a. störfum og samskiptum við skipulagsdeild og aðal- og deiliskipulag fyrir Grímsey.

Aðalfundarstörf:

Umræða um málefni Grímseyjar, ábendingar og spurningar frá fundarfólki.

Kosning þriggja fulltrúa í hverfisráð og þriggja til vara – til eins árs.

Önnur mál sem fundarfólk vill ræða.

Fundargerð:

Fundurinn hófst kl. 17.30 í Múla. Auk hverfisráðs og íbúa í Grímsey 15 – 20 manns manns, sat skipulagsstjóri Pétur Bolli Jóhannesson og allt starfsfólk skipulagsdeildar fyrri hluta fundarins, en allan fundinn sátu Sigríður Stefánsdóttir tengiliður við Grímsey, Helgi Snæbjörnsson varabæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar, María Helena Tryggvadóttir og Hulda Sif Hermannsdóttir frá Akureyrarstofu og Hanna Rósa Sveinsdóttir frá Minjasafninu. Sigríður stjórnaði fundinum ásamt Jóhannesi Henningsyni formanni hverfisráðs.

1. Skipulags- og byggingamál.

Á fyrri hluta fundarins fræddi Pétur Bolli skipulagsstjóri fundarmenn um skipulags- og byggingamál. Hann gerði grein fyrir skipulagsnefnd og starfsfólki, skipulags- og byggingalögum, reglum um umsóknir t.d. um breytingu á húsnæði og undanþágum frá þeim reglum. Einnig sýndi hann og ræddi um aðalskipulag fyrir Grímsey, sem gildir til ársins 2016. Ekki hefur verið gert deiliskipulag af einstökum svæðum. Undirbúningur endurskoðunar tekur nokkuð langan tíma en hún verður gerð í samvinnu við íbúa. Tekin verður ákvörðun eftir kosningar 2014 hvort og hvenær farið verður í endurskoðun á kjörtímabilinu. Pétur Bolli svaraði ýmsum spurningum og ábendingum m.a. um hvort sækja þyrfti um leyfi til að byggja bílageymslur, um söfnunarstað fyrir sorp, umferðarmál og hugsanlega staði og skipulag v. sumarhúsa. Einnig var bent á þörf fyrir leiguhúsnæði í eyjunn og spurst fyrir um mölun á jarðefni á vegum Akureyrarbæjar. Grímseyjarhreppur hafði áður látið mala efni sem nú er á þrotum. Þetta mál heyrir undir framkvæmdadeild og spurningu og ábendingum verður komið þangað. Pétur Bolli hvatti fólk til að hafa samband við skipulagsdeild ef það hyggði á framkvæmdir eða hefði spurningar um eitthvað sem sneri að byggingar- og skipulagsmálum. Hann benti einnig á heimasíðu bæjarins og lét vita að ýmis eyðublöð yrðu skilin eftir á gömlu hreppsskrifstofunni.

2. **Dagskrá aðalfundar hverfisráðs og almenns íbúafundar.**

Í upphafi seinni hluta fundar gerðu Sigríður og Jóhannes Henningsson grein fyrir störfum hverfisráðs, samþykkt fyrir ráðið, um kosningar í hverfisráð sem fara þyrftu fram á fundinum. Rætt var um hugsanlegar breytingar ásamþykktinni t.d. hvort stefna ætti að því að kjósa í ráðið til tveggja ára í senn eftir kosningar 2014. Sigríður sagði einnig frá drögum að samkomulagi um félgsheimilið Múla, sem samin hafa verið og verið vísað til umsagna hjá hverfisráði og félögum í Grímsey. Þau fyrrnefndu og Helgi Snæbjörnsson hvöttu fólk til að ræða og koma á framfæri ábendingum og spurningum um þau mál sem á þeim brynnu.

3. **Umræður og ábendingar um ýmis mál**

Mörg mál og ábendingar komu til umræðu. Má þar nefna:

a) Söfnunarstaður/ grenndarstaður fyrir sorp. Gámar eru nú niðri við höfn. Gámarnir sjálfir eru gamlir og ljótir og umgengni ekki nógu góð. Bent á, að þarna ganga fram hjá ferðamenn, sem koma með ferjunni. Spurning hvort ekki er hægt að setja upp grenndarstöð eins og þær eru á Akureyri. Einnig kom fram að ræða þarf og fræða um flokkun á sorpi og hvetja til hennar.

b) Aðstaða og umhverfi hafnarinnar og öryggismál þar. Bent á að aðstöðu vanti til að taka upp báta. Einnig þyrfti að bæta merkingar fyrir ferðamenn sem koma með ferjunni.

c) Lóð í kringum Múla. Lóðina þyrfti að forma og móta. Einnig var minnt á margar ábendingar og óskir sem settar hafa verið fram um aðstöðu fyrir boltaleiki eða sparkvöll. Bent á að leiktækin væru mörg orðin gömul og lúin og að nauðsynlega þyrfti að dreina í kringum leikvöllinn.

d) María Helena sagði frá ýmsu varðandi ferðamál. Benti m.a. á strætisvagnaferðir í tengslum við ferðir ferjunnar frá Dalvík. Ábendingar komu um knappan tíma og að vagninn stoppaði of langt frá.

e) Miklar umræður urðu um kostnað íbúa vegna ferða milli Grímseyjar og lands og mörg dæmi nefnd um hann. Íbúar bentu á að lítil þjónusta væri í Grímsey, jafnvel grunnþjónusta eins og lækna- og heilbrigðisþjónusta. Lögð var áhersla á að lækkun ferðakostnaðar væri eitta stærsta hagsmunamál Grímseyinga. Fulltrúar Akureyrarbæjar sögðu frá að málið hefði verið rætt við þingmenn og ráðherra. Íbúar rökstuddu að réttlætánlegt væri að niðurgreiða þjónustu t.d. ákveðinn fjölda ferða á ári, möguleika á að Akureyrarbær semdi við ferjuna og flugfélagið eða hópinnkaupum. Samanburður var gerður bæði við Hrísey og Vestmannaeyjar. Óskað er liðsinnis bæjaryfirvalda í þessu máli.

f) Spurst var fyrir um afdrif erindis um að byggt yrði lítið íþróttahús við sundlaugina, þegar ljóst var að fara þyrfti í stórfellda viðgerð á henni. Bent var á að engin íþróttastaða væri í eyjunni (utan við sundlaugina) og að salurinn í Múla hentaði mjög illa til íþróttakennslu í skólanum. Bent var á að í þessu tilfelli og öðrum sem hverfisráð og íbúar sendu erindi, bærust engin svör frá deildum og nefndum bæjarins.

g) Bent var á nauðsynlegt viðhald á götum og nauðsyn þess að gera við í upphafi sumars – og að á síðustu árum hefði viðhald ekki verið nógu gott og oft gert allt of seint við. Einnig var ítrekuð ábending og ósk sem nokkrum sinnum hefði verið sett fram um hraðahindranir í nágrenni Múla. Bent var á að fánastöng ofan við höfnina þyrfti að laga og helst að útbúa nýja festingu eða undirstöðu.

h) Rætt um mjög háan húshitunarkostnað og hvort ekki væri hægt að halda áfram þar sem frá var horfið fyrir mörgum árum um leit að heitu vatni. Margir íbúar eru sannfærðir um að heitt vatn sé hægt að finna og þetta sé mikið hagsmunamál.

i) Rafmagn og dieselstöð Rarik. Miklar rafmagnstruflanir hafa verið að undanfögnu vegna bilana í stöð. Bent var á óþægindi vegna þessa og að hættu væri á skemmdum á rafmagnstækjum. Rarik er að reyna að finna ástæðu og láta gera við. Von var á bráðabirgðastöð daginn eftir. Einnig var ítrekað að endurnýjunar væri þörf m.a. til að minnka hávaða frá stöðinni.

Fulltrúar Akureyrarbæjar á fundinum svöruðu ofangreindum ábendingum og spurningum eftir því sem kostur var og sögðu að þeim yrði komið á framfæri við bæjarráð og þá sem málin varða.

j) María Helena sagði frá styrk sem fengist hefði þú Menningarsjóði Eyþings, til að undirbúa gerð tákns fyrir heimskautsbauginn. Fyrirhugað er að halda samkeppni um táknið og vinna við undirbúning mun hefjast fljótlega. Gerður var góður rómur að þessu. Hulda Sif sagði frá vinnu sinni á Akureyrarstofu og hún og Hanna Rósa sögðu frá skoðunarferð sinni um eyjuna og ýmsum hugmyndum sem vaknað höfðu. Rætt var í framhaldi um styrk sem fengist hefði til að útbúa og setja upp sögu og upplýsingaskilti og óskað eftir samstarfi við heimamenn um val á efni.

k) Jóhannes sagði frá ábendingum sem hverfisráðið hefði sent vegna 1 milljón kr. fjárveitingar til umhverfismála í Grímsey.

4. Samkomulag um afnot og umsjón með Múla.

Sigríður fór yfir drög af samkomulagi um Múla og ræddar voru athugasemdir, sem m.a. höfðu komið frá kvenfélaginu við þau drög. Heimamenn leggja mikla áherslu á að afnot félaganna af félagsheimilinu verði tryggð til framtíðar – án greiðslu. Með því yrði viðurkennt framlag þeirra til byggingar Múla og jafnframt umsjón þeirra með húsinu. Einnig var rætt að taka þyrfti tillit til að húsið er jafnframt skólahúsnaði og að skólastjóri hefði skv. lögum yfirumsjón með því. Þessi tvö sjónarmið þarf að samræma og jafnframt aðskilja. Sigríður mun fara yfir drögin aftur og setja fram nýja tillögu.

5. Kosning hverfisráðs.

Málið var rætt og leitað hugmynda og framboða. Vegna fámennis á fundinum var ákveðið að fresta kosningu en boða framhaldsaðalfund hverfisráðsins í haust. Núverandi hverfisráð mun starfa þangað til.

Fundi var slitið kl. 20.10.